

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Skorradalshrepps
vegna Indriðastaða og Mófellsstaða.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 21. júní 2018 breytingu á aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn 24. maí 2018.

Í breytingunni felst að fristundabyggð C í landi Indriðastaða stækkar um 2 ha. Nýtt brunnsvæði er skilgreint ásamt grann- og fjarsvæði vatnsverndar á jörðunum Indriðastöðum og Mófellsstöðum. Efnistökusvæði nr. 16 er felld burt en afmörkun og stærð efnistökusvæða 8 og 9 er breytt þannig að þau liggja eftir árfarvegi Kaldár.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 21. júní 2018.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Hafdís Hafliðadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2018